

6. FUNDARGERÐ - STJÓRNARFUNDUR FÍN 2023-2024

05. JÚNÍ 2023, KL. 11:15-12:45 – STAÐFUNDUR

MÆTT VORU:

Anna Berg Samúelsdóttir, Jón Már Halldórsson, Kristín Hermannsdóttir, Margrét Geirsdóttir, Maríanna H. Helgadóttir, Sigvaldi Thordarson, Stefán Már Stefánsson, Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Svava S. Steinarsdóttir, Torfi Geir Hilmarsson, Una Bjarnadóttir, Unnur Magnúsdóttir og Þorkell Heiðarsson.

Gestur fundarins: Runólfur Vigfússon, lögfræðingur FÍN.

Fundarritari: Stella Hrönn Jóhannsdóttir

FUNDARGERÐ:

Formaður setti fund kl. 11:18

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar

Afgreiðsla: Samþykkt. MHH sendir stjórnarmönnum fundargerðina til rafrænnar undirritunar.

2. Nýir félagsmenn

13 einstaklingar sóttu um fulla aðild að félaginu. Allir umsækjendur uppfylla skilyrði um aðild.

Afgreiðsla: Samþykkt.

3. Þóknunareiningar BHM og FÍN

MHH kynnti. Lagt er til að nýjar reglur um þóknunareiningar taki gildi hjá FÍN frá og með 1. janúar 2023. Jafnframt er lagt til að nýjar reglur BHM um greiðslu þóknunareininga verði lagðar til grundvallar nýjum reglum FÍN og þær heimfærðar upp á starfsemi félagsins.

Umræður um greiðslu ferðakostnaðar og tíðni útgreiðslu þóknunareininga.

Afgreiðsla: Samþykkt.

4. Beiðni um greiðslu lögfræðikostnaðar – félagaskipti

RV kom inn á fundinn.

Lagt er til að FÍN taki þátt í greiðslu lögfræðikostnaðar vegna þessa máls.

Afgreiðsla: Samþykkt.

RV vék af fundi.

5. Staða kjarasamninga – til upplýsinga

MHH kynnti. FÍN er búið að skrifa undir kjarasamninga við ríki og Reykjavíkurborg en enn er eftir að ljúka kjarasamningi við SNS. Það sem út af stendur er krafa SNS um aðkomu náttúrustofa að kjarasamningi FÍN við SNS sem FÍN getur ekki fallist á án frekari umræðu og undirbúnings.

Umræður.

6. Af aðalfundi BHM – til upplýsinga

Frestað.

7. Undirbúningur starfsdags stjórnar FÍN

Frestað.

8. Önnur mál

a) Tillaga að næsta stjórnarfundum

i. 4. september kl. 11:15-12:45 – Staðfundur

b) ÞH vakti athygli á ákvörðun um skerðingu lífeyrisréttinda hjá LSR, sérstaklega hjá yngri sjóðfélögum, en skiptar skoðanir eru um hvort slíkt sé löglegt

Fundargerð var lesin upp og samþykkt.

Ekki var fleira gert og fundi slitið kl. 12:53.